

Föstudaginn 16. september 1994.

Nr. 289/1994.

Stefán Sigtryggsson

(sjálfur)

gegn

Stöllum hf.

Önnu S. Hallgrímsdóttur og

Sveini Valdimar Jónassyni

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð. Haldsréttur. Bókhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. júní 1994, sem barst réttinum 21. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi „og þar með viðurkenndur haldsréttur kæranda á gögnum fyrrum umbjóðenda hans vegna ógreiddrar þjónustu varðandi bókhald þeirra“. Til vara krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilum „verði gert að setja bankatryggingu til greiðslu skuldar þeirra við gerðarþola, sem nemur 498.070 kr., að viðbættum virðisaukaskatti“. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en um málskostnað og sóknaraðili verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og kærumálskostnað. Til vara krefjast varnaraðilar þess, að úrskurður héraðsdómara verði að öllu leyti staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn um hreyfingar bókhalds varnaraðila og færslubækur.

I.

Málsatvikum er að nokkru lýst í hinum kærða úrskurði. Í aðfararbeiðni varnaraðila segir, að samkvæmt munnlegu samkomulagi þeirra við sóknaraðila hafi hann átt að „vinna úr umræddum bók-

haldsgögnum og ganga frá skýrslugerð til skattyfirvalda“. Á þessu er byggt í úrskurði héraðsdómara. Í kæru sinni til Hæstaréttar kveður sóknaraðili það vera misskilning, að hann hafi í upphafi tekið við gögnunum til þess að annast skattframtöl varnaraðila. Hann kveðst hafa tekið við þeim til að færa bókhald þeirra, en um það hafi aldrei verið samið, að hann annaðist ársuppgjör og skilaði framtölum þeirra. Samkvæmt þessu er ágreiningur með aðilum um skyldur sóknaraðila samkvæmt munnlegu samkomulagi þeirra, og óljóst er, hvort nokkuð hefur verið rætt um endurgjald fyrir vinnu sóknaraðila. Í því efni ber nú mikið á milli. Sóknaraðili hefur fengið 100.000 krónur greiddar fyrir vinnu sína og krefst að auki 498.070 króna. Áður en til málaferla kom, bauðst hann til sátta til að lækka kröfu sína í 350.000 krónur, og varnaraðilar buðust í sama skyni til að greiða 150.000 krónur.

Í greinargerð gerðarþola í héraði, sóknaraðila hér fyrir dómi, sagði meðal annars: „Gögn þau, sem um ræðir í máli þessu, eru fylgiskjöl vegna rekstrar gerðarbeiðenda, fylgiskjalafjöldi er 6.338 og fylla skjölin ásamt viðbótarskjölum, útbúnum af gerðarþola, 39 fylgiskjalamöppur í venjulegri A4-stærð.“ Í úrskurði héraðsdómara er heimiluð innsetning varnaraðila í framangreindan skjalafjölda. Í kæru sóknaraðila til Hæstaréttar segir, að um það bil 200 til 300 þessara skjala hafi hann að öllu leyti unnið á grundvelli gagna varnaraðila. Þessar upplýsingar virðast ekki áður hafa komið fram í málinu.

II.

Í kæru sóknaraðila er vinnu hans í þágu varnaraðila lýst svo: „Vinna gerðarþola fólst í því að koma skipulagi á gögnin, gefa þeim fylgiskjalanúmer, merkja (kvóta) skjölin til færslu (þ.e. árita þau um, hvernig bókfæra skuli), setja upp þrjú bókhaldskerfi fyrir gerðarbeiðendur, slá gögnin inn í tölvuforrit, gera virðisaukaskattskýrslur samkvæmt niðurstöðum bókhalds og vinna við útreikning vörutalninga, gerð fylgiskjala með útreiknuðum færslum, t.d. vegna birgða og afstemmingar lána og fleira og fleira.“ Þessari lýsingu hefur ekki verið andmælt af hálfu varnaraðila.

Sóknaraðili telur verðmætisaukningu hafa orðið á hinu umdeilda gagnasafni og lýsir henni svo í kærinni: „Verðmætisaukningu, sem

felst í því, að sá aðili, er við tæki og lyki skattskilum, getur með auðveldum hætti nýtt sér númer og merkingar skjala, auk þess að vinna við flokkun og skipulagningu verður með öllu óþörf, og þannig verður vinna viðtakandi aðilans mun minni en ella væri, þar sem hann nyti vinnu gerðarþolans við sín störf.“ Varnaraðilar leggja áherslu á, að ekki sé um verðmætisaukningu að ræða, þar sem bókhaldsgögn séu ekki viðskiptaverðmæti, sem geti gengið kaupum og sölum, „og gögn þessi séu engu meira virði í viðskiptum vegna vinnu sóknaraðila né séu þau meira virði en áður fyrir varnaraðila“.

III.

Það er ljóst, að sóknaraðili hefur innt af hendi verulega vinnu fyrir varnaraðila. Í þessu máli verður ekki tekin afstaða til þess, hvað sé hæfilegt endurgjald fyrir þá vinnu. Hins vegar verður að leggja til grundvallar, að bókhaldsgögn varnaraðila, eins og þeim er lýst í málinu, hafi aukist að verðmæti fyrir þá sjálfa eftir meðhöndlun sóknaraðila. Er þá einkum horft til þess, að þeir þyrftu að verja til þess umtalsverðum tíma og fjármunum að koma þeim í sambærilegt horf og nú, ef þeir fengju bókhaldsgögnin afhent í þeirri mynd, sem sóknaraðili tók við þeim. Varðveisla sóknaraðila á bókhaldsgögnum varnaraðila brýtur ekki sjálfkrafa í bága við ákvæði 15. gr. bókhaldslaga nr. 51/1968 um geymsluskyldu bókhaldsskyldra aðila. Þar sem aðrir opinberir hagsmunir standa því ekki í vegi, að sóknaraðili hafi bókhaldsgögn varnaraðila undir höndum, eins og hér háttar til, verður hann talinn hafa haldsrétt í þeim, þar sem fullnaðaruppgjör aðila hefur ekki farið fram. Ber því að synja kröfu varnaraðila um innsetningu í hin umdeildu bókhaldsgögn, sbr. 78. gr. laga nr. 90/1989.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðilar greiði sóknaraðila in solidum málskostnað í héraði og kærúmálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Synjað er kröfu varnaraðila, Stalla hf., Önnu S. Hallgrímsdóttur og Sveins Valdimars Jónassonar, um innsetningu í bókhaldsgögn í vörslu sóknaraðila, Stefáns Sigtryggssonar.

Varnaraðilar skulu in solidum greiða sóknaraðila 80.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 11. þ. m., var tekið til úrskurðar 18. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðendur eru Stallar hf., kt. 470191-1399, Stöllum, Selfossi, Anna S. Hallgrímsdóttir, kt. 230460-7369, Stöllum, Selfossi, og Sveinn Valdimar Jónasson, kt. 090263-4129, Fjölnisvegi 1, Reykjavík. Gerðarþoli er Stefán Sigtryggsson, Nönnugötu 16, Reykjavík.

Dómkröfur gerðarbeiðenda eru, að úrskurðað verði, að eftirtalið verði tekið úr vörslum gerðarþola og fengið lögmanni gerðarbeiðenda fyrir hönd gerðarbeiðenda:

- „1. Bókhaldsgögn vegna Stalla hf. fyrir árin 1991, 1992 og 1993.
2. Bókhaldsgögn vegna Önnu S. Hallgrímsdóttur fyrir árin 1986, 1987, 1988, 1989 og 1990.
3. Bókhaldsgögn vegna Sveins Valdimars Jónassonar fyrir árin 1990 og 1991.“ Gerðarbeiðendur krefjast enn fremur málskostnaðar að mati dómsins, auk þess að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Dómkröfur gerðarþola eru aðallega, að kröfum gerðarbeiðenda verði hafnað. Til vara gerir hann kröfu um, að innsetningin nái ekki til bókhaldsgagna varðandi Stalla hf. Hvort sem kröfur gerðarbeiðenda nái fram að ganga að öllu leyti eða hluta, þá krefst hann hæfilegrar tryggingar fyrir greiðslu úr hendi gerðarbeiðenda fyrir þá vinnu, sem hann hefur innt af hendi fyrir þá, og að fallist verði á, að málskot úrskurðar fresti aðfarargerð. Þá krefst hann málskostnaðar að mati dómsins úr hendi gerðarbeiðenda in solidum.

II.

Málavextir.

Gerðarþoli mun síðla árs 1990 hafa tekið að sér vinnu við bókhald og undirbúning að skattframtölum fyrir gerðarbeiðendur. Með bréfi 15. febrúar sl. sögðu gerðarbeiðendur gerðarþola upp störfum og óskuðu eftir, að hann afhenti þeim þau gögn, sem hann hefði undir höndum varðandi þau, í síðasta lagi 21. sama mánaðar. Gerðarþoli svaraði þessari málaleitan með bréfi 20. sama mánaðar, en þar kvaðst hann eiga haldsrétt „í þeim gögnum, sem þér setjið mér tímamörk um afhendingu á í bréfi ykkar“, vegna skuldar gerðarbeiðenda, að fjárhæð 498.070 krónur án virðisaukaskatts, fyrir vinnuframlag, sem væri mismunur á verðmæti vinnunnar, að fjárhæð 598.070

krónur án virðisaukaskatts, og 100.000 króna greiðslu gerðarbeiðenda án virðisaukaskatts til gerðarþola. Kvað hann vinnu fyrir gerðarbeiðendur hafa legið niðri síðan síðastliðið haust, þar sem hann hefði ekki haft efni á að vinna fyrir þau án greiðslu á sama tíma og önnur verkefni, sem greiðsla kæmi fyrir, stæðu til boða. Taldi hann, að til að ljúka verkefnum fyrir gerðarbeiðendur væri eftir u. þ. b. 30-40 klst. vinna, þar með talinn frágangur viðkomandi framtala, þannig að hægt væri að skila þeim til skattstjóra, og myndi sú vinna kosta um 80.000 til 110.000 krónur „á venjulegum taxa í samræmi við vinnutíma“. Gerðarþoli bauðst í bréfinu til að afhenda „umrædd gögn og framtöl fullfrágengin kl. 13.00 hinn 14. mars nk. gegn því, að þið staðgreiðið 350.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti“. Að öðrum kosti kvað hann gerðarbeiðendum ekki standa annað til boða af sinni hálfu en að fá gögnin afhent ófrágengin gegn staðgreiðslu 498.070 króna auk virðisaukaskatts.

Lögmaður gerðarbeiðenda svaraði þessu bréfi gerðarþola með bréfi 23. sama mánaðar og hafnaði þar með öllu haldsrétti gerðarþola m. a. á þeim forsendum, að samningur aðila væri verksamningur og þóknun gerðarþola því bundin því skilyrði, að verk væri réttilega innt af hendi, en því væri ekki til að dreifa í þessu tilviki, og væri mikið í húfi fyrir gerðarbeiðendur að fá bókhaldsgögn sín í hendur til að ganga frá skattframtölum sínum til margra ára, sem gerðarþoli hefði að sínu leyti vanrækt fyrir þau. Um þóknunarkröfu gerðarþola kvað hann umjódendur sína vilja semja, „en þær samningaviðræður verða að fara fram án nokkurrar þvingunar af yðar hálfu um löglausa synjun á afhendingu bókhaldsgagnanna“.

Bréfi lögmannsins svaraði gerðarþoli með bréfi til hans, dags. 24. sama mánaðar, og telur sig ekki hafa vanrækt neinar samningsbundnar skyldur gagnvart gerðarbeiðendum, enda hafi vinnuframlag hans í þeirra þágu verið langt umfram það, sem sanngjarnt gæti talist, án þess að fá greitt fyrir það, og gerði hann þar nokkra grein fyrir þeim störfum. Þá ítrekaði hann fyrra tilboð sitt um uppgjör aðila og hafnaði kröfu um afhendingu bókhaldsgagna.

Síðastgreindu bréfi svaraði lögmaður gerðarbeiðanda með bréfi til gerðarþola, dags. 1. mars sl. Þar segir m. a.: „Umbj. m. óska þess, að komast megi hjá dómstólameðferð málsins með samkomulagi, en eru ekki reiðubúnir að greiða það, sem þeir telja óhæfilega þóknun. – Þar sem forsendur fyrir frekara samstarfi eru með öllu brostnar, geta umbj. m. ekki fallist á, að þér ljúkið þeirri vinnu, sem þér kveðið yður hafa hafið. Þeir óska þess, að ekki verði um frekari vinnu að ræða og að þér skilið umræddum gögnum gegn greiðslu á 150.000 kr. auk vsk. – Sáttaboð þetta er gert án viðurkenn-

ingar á greiðsluskyldu umbj. m., heldur einungis í sáttaskyni og áskilja þeir sér allan rétt gagnvart yður, verði tilboðinu hafnað.“

Ekki er getið frekari skipta aðila þessa máls.

III.

Af hálfu gerðarbeiðenda er haldið fram, að ekki sé deilt um eignarrétt þeirra á þeim bókhaldsgögnum, sem þau hafi afhent gerðarþola, og haldsrétt geti gerðarþoli ekki öðlast, þar sem gerðarþoli hafi ekki aukið á nokkurn hátt verðmæti þeirra, sbr. Hrd. 1989, bls. 216, enda ekki um markaðsvöru að ræða eða eign, sem hafi almennt fjárhagslegt gildi. En á hitt beri að líta, að þessi skjöl hafi sérstaka þýðingu fyrir gerðarbeiðendur á margan hátt og ekki hvað síst til að geta sinnt framtalsskyldum sínum til skatts. Staðhæft er, að samkvæmt munnlegu samkomulagi gerðarbeiðenda við gerðarþola hafi gerðarþoli tekið að sér að vinna úr umræddum bókhaldsgögnum og ganga frá skýrslugerð til skattyfirvalda. Þá sé viðurkennt af gerðarþola, að hann hafi fengið greiddar 100.000 krónur frá gerðarbeiðendum. Gerðarþoli hafi hins vegar ekki skilað til skattyfirvalda skattskýrslum vegna þeirra tekjuára gerðarbeiðenda, sem bókhaldsgögnin varði, – til ómældra óþæginda fyrir gerðarbeiðendur vegna opinberra innheimtuadgerða gagnvart þeim til greiðslu áætlaðra gjalda. Forsendur hafi því brostið fyrir frekari greiðslum þeirra til gerðarþola og fyrir vörslum gerðarþola á bókhaldsgögnunum.

Um lagarök vísa gerðarbeiðendur til „meginreglna kröfu- og eignarréttar“ og 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Gerðarþoli neitar því að hafa í sínum vörslum bókhaldsgögn varðandi Önnu S. Hallgrímsdóttur vegna skattframtala hennar 1986 og 1988. Þá kveður hann framtölum hennar vegna hafa verið skilað til skattyfirvalda vegna árána 1987 og 1989. Hann heldur því fram, að gögn þau, sem um sé að ræða, séu fylgiskjöl vegna rekstrar gerðarbeiðenda. „Fylgiskjalafjöldi er 6.338, og fylla skjölin ásamt viðbótarskjölum, útbúnum af gerðarþola, 39 fylgiskjalamöppur í venjulegri A4-stærð. – Þegar gerðarþoli fékk umrædd gögn afhent [. . .], var um að ræða lítt skipulagt safn skjala. Gerðarþoli og starfsmenn hans breyttu þessu fjölskrúðuga skjalasafni í bókhaldsgögn. Sú vinna var fólgin í því, að hverju skjali var gefið sérstakt einkennisnúmer, á þau rituð númer bókhaldslykla, þannig, að ljóst væri, hvernig skjölin skyldu bókfærð, og gerðar samantektir sölu o. þ. l. Að þessari vinnu lokinni voru sett upp þrjú bókhaldskerfi, eitt fyrir hvern gerðarbeiðanda. Fylgiskjölin voru síðan slegin inn í tölvuforrit og skrifaðir út listar til afstemminga, en blaðsíðufjöldi þessara lista er 429 [. . .].“

Gerðarþoli staðhæfir, að gerðarbeiðendur hafi ekki greitt sér nema sem svari sjötta hluta þeirrar þóknunar, sem hann áskilji sér fyrir vinnu sína og starfsmanna sinna, en síðustu greiðslu frá gerðarbeiðendum hafi þeir innt af hendi síðla árs 1992, og fyrir vinnu gerðarþola hafi „gagnasafn gerðarbeiðenda breytt um form og er nú orðið að bókhaldsgögnum“. Vegna þessarar formbreytingar telur gerðarþoli sig eiga haldsrétt í gögnunum, þar til „full greiðsla“ komi fyrir unna vinnu.

Gerðarþoli bendir á, að hann sé kjörinn endurskoðandi Stalla hf., sbr. dskj. nr. 25, og sem slíkur eigi hann rétt til að hafa í sínum höndum bókhaldsgögn félagsins; engu máli skipti í því sambandi uppsagnarbréf gerðarbeiðenda til sín, sbr. dskj. nr. 5, þar eð sér verði ekki vikið úr stöðu endurskoðanda með þeim hætti að réttum lögum.

Að öllu samanlögðu telur gerðarþoli gerðarbeiðendur ekki hafa sannað rétt sinn til umkrafinna gagna með þeim hætti, sem ákv. 83. gr. laga nr. 90/1989 um aðför geri ráð fyrir.

Varðandi kröfur sínar um tryggingu og kröfu um, að málskot úrskurðar héraðsdómara til æðra dóms fresti aðför, vísar gerðarþoli til þess, að efni og greiðslugeta gerðarbeiðenda orki tvímælis.

IV.

Hagsmunir gerðarbeiðenda til að fá í sínar hendur þau bókhaldsgögn, sem gerðarþoli viðurkennir að hafa tekið við úr höndum gerðarbeiðenda, þykja yfirgnæfa hagsmuni gerðarþola af að þvinga fram greiðslu fyrir vinnuframlag sitt frá gerðarbeiðendum með því að halda fyrir þeim gögnunum, en í því sambandi er engin afstaða tekin til réttmætis fjárkröfu gerðarþola á hendur gerðarbeiðendum. Vinna gerðarþola við að flokka og merkja gögnin þykir því ekki hafa helgað honum haldsrétt gegn hagsmunum gerðarbeiðenda og óumdeildum eignarrétti.

Þó að endurskoðanda hlutafélags beri að endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu, þá veitir það honum ekki rétt til að halda bókhaldsgögnum þess í sínum vörslum gegn óskum stjórnenda félagsins, enda eru það fyrst og fremst stjórnendur hlutafélags, sem ábyrgð bera á rekstri þess.

EKKI eru efni til að fallast á kröfu gerðarþola um tryggingu fyrir greiðslu vinnulauna, láti hann af vörslum umkrafinna bókhaldsgagna. Hins vegar þykir ástæða til að fallast á kröfu gerðarþola um, að málskot úrskurðar til æðra dóms fresti aðfarargerð.

Samkvæmt framangreindu verður fallist á kröfu gerðarbeiðenda, eins og í úrskurðarorði segir, en eftir atvikum þykir rétt, að hver aðila beri sinn kostnað af málinu.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkenndur er réttur gerðarbeiðenda, Stalla hf., Önnu S. Hallgrímsdóttur og Sveins Valdimars Jónassonar, til að brigða úr vörslum gerðarþola, Stefáns Sigtryggssonar, bókhaldsgögnum, 6.338 skjölum, er varða gerðarbeiðendur og bókhald þeirra, sem gerðarþoli tók við frá þeim til að annast skattframtöl þeirra vegna árána 1990–1993.

Aðför er heimiluð fyrir kostnaði af innsetningargerðinni, ef til kemur.

Málskot úrskurðar frestar aðfarargerð.
